

Hvað þýðir dimissio og hvaðan er það komið ?

Í latínu eru sagnir jafnan nefndar í 1. persónu eintölu: amo = ég elska o.s.frv. Sögnin dimitto merkir þannig: ég sendi burt. En þessi sögn hefur óreglulega beygingu. Nafnháttur er dimittere= að senda burt. Perfektum er dimisi = ég hef sent burt, og supinum er dimissum = að vera sendur burt. Dimissus merkir þá burtsendur, kvenkyn: dimissa (burtsend) og hvk. dimissum (burtsent). Flt. kk. er þá dimissi (burtsendir), kvk. dimissae (burtsendar). En þessi orð ætti þá aðeins að nota um útskrifaða stúdenta. Samkvæmt þessu er dimissio (burtsending, nafnorð myndað af dimissum) sama sem endanleg útskrift. En hvers vegna er þá talað um dimissio (e. dimission) þegar stúdentsefni hætta að sækja kennslu og fara að búa sig undir stúdentspróf? Til þess að skilja þetta þurfa menn að þekkja hugtökin gerundium og gerundivum. Þau eru höfð um sagnmyndir sem merkja það sem stendur til, er fyrirhugað. Gerundium er nafnorðshugtak en gerundivum er lýsingarorð. Gerundium af dimitto er dimittendum = það að eiga að vera sendur burt. Gerundivum er þá lýsingarorðsmyndin: Kk.: dimittendus = stendur til að vera sendur burt. Fleirtala kk. er dimittendi = standa til að vera sendir burt. Kvenkynið er þá dimittenda, flt. dimittendae. Af þessu leiðir að þeir sem eru í þann veginn að búa sig undir stúdentspróf eru: dimittendi (acc.: dimittendos, gen.: dimittendorum; dat., abl.: dimittendis). Af þessari sagnmynd, dimittendi (flt. af dimittendus) sem er auðvitað karlkyns, kvenkynið væri dimittendae (flt. af dimittenda), hefur svo verið mynduð íslensk gerð: dimittend (= dimittendus), flt. dimittendar (= dimittendi), og burtsendingin eftir kennslu dimission, þótt merkingin eigi fremur við um endanlega brautskráningu (útskrift). „Dimittendar” eru þannig dimittendi en **ekki dimissi**. Það **stendur til** að brautskrá þá en þeir eru **ekki** brautskráðir (ekki enn þá!).